



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 18/2024

Auglýsingar Piknik á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær

I.

Málsmeðferð

Í kjölfar úttektar Neytendastofu á auglýsingum sérverslana og framleiðanda nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir þær, sendi stofnunin bréf til SH import ehf., rekstraraðila Piknik og vefsíðunnar piknik.is, dags. 27. desember 2023. Greindi stofnunin frá þeim athugasemdum sem stofnunin gerði við markaðsefni félagsins.

Gerði stofnunin grein fyrir ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, ásamt ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Tók stofnunin m.a. fram að fyrirtækjum sé óheimilt að sýna neyslu eða hvers konar meðferð á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær í auglýsingum sínum. Þá sé söluaðilum jafnframt óheimilt að auglýsa vörumerki framleiðanda slíkra vara, ásamt auglýsingum ákveðinna vara, í því skyni að auka sölu á þeim. Seljendum sé þ.a.l. óheimilt að birta auglýsingar á einstaka vörumerkjum og ákveðnum vörum á samfélagsmiðlum sínum, óháð birtingarmynd viðkomandi auglýsingar, séu þær birtar til að auka sölu slíkra vara. Þótti stofnuninni rétt að benda félaginu á að feli auglýsingar í sér vöru án nikótíns hjá verslunum sem selji að langstærstum hluta nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær, leggi stofnunin mat á það hversu augljóst það sé m.v. uppsetningu viðkomandi auglýsingar, almennt vöruúrval félagsins og hvort umbúðir séu sambærilegar vörum með nikótíni.

Vísaði stofnunin til þess að utan á verslun félagsins á Grensásvegi og í Hólagarði megi greina ýmsar vörur sem séu hluti af vöruframboði verslunarinnar. Hægt sé að greina dósir utan um nikótínvörur, ýmis vörumerki og hvetjandi og jákvætt hlaðin ummæli um vörunar sjálfar. Stofnunin bendi jafnframt á merkingar utan á öðrum verslunum félagsins, s.s. á Akureyri, þar sem sjá megi nikótínþúða ásamt dós og rafrettur ásamt hylkjum fyrir þær í sama sniðmáti og auðkenni Piknik.

Þá benti stofnunin á að á samfélagsmiðlum félagsins, með áherslu á Facebook og Instagram, megi finna myndir sem sýni nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær með beinum hætti.



Stofnunin telji það koma til skoðunar hvort færslurnar feli í sér brot gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

II.

Svar barst stofnuninni með tölvupósti, mótt. 16. janúar 2024, þar sem félagið tók fram að það hafi brugðist við ábendingum stofnunarinnar.

Félagið hafi breytt öllum merkingum utan á öllum verslunum sínum. Allar verslanir í Reykjavík hafi verið merktar og fyrirhugað sé að breyta merkingum á verslun félagsins á Selfossi og á Akureyri. Engar myndir séu af dósnum, vörumerkjum eða annað sem mætti teljast auglýsing. Merkingar félagsins í dag séu einungis myndmerki Piknik á svörtum bakgrunni. Með erindinu fylgdu myndir sem staðfestu umræddar endurmerkingar.

Hvað varðar samfélagsmiðla tók félagið fram að það hafi aldrei greitt fyrir auglýsingar, hvorki á íslenskum miðlum né á erlendum og aldrei á samfélagsmiðlum. Félagið hafi sett upplýsingar um sínar vörur á sínum persónulegu samfélagsmiðlum sem einungis fylgjendur þeirra sjá, sem félagið telji sambærilegt því að setja upplýsingar á eigin vefsíðu. Sé það ekki í lagi skuli það fjarlæggt.

Með tölvupósti frá Neytendastofu til Piknik, sendum 17. janúar 2024, staðfesti stofnunin móttöku ásamt því að vísa til skilgreiningar 1. tölul. 3. gr. laga nr. 87/2018 á orðinu „auglýsing“. Tók stofnunin fram að hvað varði auglýsingar á samfélagsmiðlum sé gengið út frá því að ekki sé um sölusíðu að ræða og þ.a.l. kunni færslur að fela í sér hefðbundið markaðsefni. Auglýsingar á opnum samfélagsmiðlum kunni að flokkast sem almennar auglýsingar, enda almennt tilgangur þeirra að auka sölu umræddrar vöru.

III.

Með bréfi Neytendastofu til félagsins, dags. 27. febrúar 2024, óskaði stofnunin eftir myndum af öðrum verslunum félagsins en á Grensásvegi til að geta metið hvort auglýsingar framan á verslun félagsins væru í samræmi við lög nr. 87/2018.

Hvað varði auglýsingar félagsins á samfélagsmiðlum hafi stofnunin í tölvupósti, sendum 17. janúar 2024, gert grein fyrir inntaki viðeigandi ákvæða laga nr. 57/2018. Því til viðbótar bendi stofnunin á að ákvæði 1. mgr. 11. gr. laganna geri ekki greinarmun á því hvenær myndir eða önnur umfjöllun á samfélagsmiðlum sé birt. Þar af leiðandi sé það mat stofnunarinnar að allar myndbirtingar á samfélagsmiðlum sem kunni að fara gegn bannákvæði 1. mgr. 11. gr. séu til athugunar í málinu. Stofnuninni þyki rétt að benda á að ekki sé skilyrði fyrir því að vörunar séu í forgrunni þess myndefnis sem sé birt og séu þær færslur því jafnframt til skoðunar þar sem umræddar vörur eða vörumerki birtist í bakgrunni.

Stofnunin bendi jafnframt á að til skoðunar sé hvort birting vörumerkis félagsins feli í sér brot gegn áðurgreindum ákvæðum þar sem að í vörumerkinu séu að finna nikótínþúða og rafrettur í og fyrir utan nestiskörfu. Það sé mat stofnunarinnar að vörumerki fyrirækja séu ekki



undanskilin ákvæði 1. mgr. 11. gr., enda væri fyrirtækjum þá í lófa lagið að komast framhjá banni við auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær, með birtingu vörumerkis utan verslunar, t.a.m. í öðru markaðsefni.

IV.

Svar barst Neytendastofu með tölvupósti, mótt. 17. apríl 2024, þar sem félagið óskaði þess að stofnunin endurskoði myndmerki félagsins þar sem félagið telji það ekki vera auglýsingu. Engin vörumerki eða sjáanlegar vörur séu í myndmerkinu og tekið fram að þetta gæti í raun og veru verið hvað sem er.

V.

Í tölvupósti frá Neytendastofu til SH Import ehf., sendum 17. apríl 2024, tók stofnunin fram að enn hafi ekki veirð tekin ákvörðun um brot og mun þ.a.l. vera tekið tillit til fyrri samskipta við ákvarðanatöku í málinu. Óskaði stofnunin upplýsinga um hvort frekari svör myndu berast frá félaginu.

Engin frekari svör bárust stofnuninni. Með bréfi, dags. 23. apríl 2024, lýsti stofnunin því gagnaöflun lokið í málinu og tók málið til ákvörðunar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að mögulegum auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær hjá verslunum Piknik, sem reknar eru af SH Import ehf. Er nánar tiltekið um að ræða auglýsingar á samfélagsmiðlum félagsins, utan á verslunum þess og í myndmerki félagsins. Taldi stofnunin að ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, kæmi til skoðunar við mat á því hvort að háttsemi félagsins hafi falið í sér brot gegn auglýsingabanni á slíkum vörum, ásamt 1. mgr. 13. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Við meðferð málsins fjarlægði félagið flestar þær auglýsingar sem finna mátti utan á verslunum þess. Taldi félagið að myndmerki sitt og auglýsingar á samfélagsmiðlum fæli ekki í sér brot gegn téðum ákvæðum laga nr. 87/2018 og 57/2005.

2.

Í lögum nr. 87/2018 er að finna ákvæði sem fjalla um heimildir fyrirtækja til að auglýsa nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær. Í 1. mgr. 11. gr. laganna er sérstaklega fjallað um bann við hvers konar auglýsingum á nikótínvörum. Er ákvæðið svohljóðandi:



„Hvers konar auglýsingar á nikótínvörum, rafrettum eða áfyllingum fyrir þær eru bannaðar. Þá er bannað að sýna neyslu eða hvers konar meðferð nikótínvara, rafrettna eða áfyllinga í auglýsingum. Neytendastofa fer með eftirlit með banni við auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær. Um málsmeðferð Neytendastofu, úrræði og viðurlög vegna brota gegn grein þessari og um kærurétt til áfrýjunarnefndar neytendamála fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Eins og orðalag ákvæðisins gefur til kynna er fyrirtækjum gert óheimilt að birta hvers kyns auglýsingar á nikótínvörum. Þá er jafnframt að finna bann við að sýna neyslu eða hvers konar meðferð nikótínvara í auglýsingum.

Í 1. tölul. 3. gr. laganna er að finna skilgreiningu á hugtakinu „*auglýsing*“ í skilningi laganna. Er skilgreiningin svohljóðandi:

„Þegar vöru eða vörumerki er komið á framfæri við almenning í því skyni að auka sölu vörunnar, m.a. með vörukynningum á hvaða formi sem er, ústillingum í verslunum eða annars staðar, umfjöllun í fjölmiðlum, vefmiðlum eða samfélagsmiðlum eða dreifingu vörusýna til neytenda.“

Skilgreining hugtaksins er rúm og nær þ.a.l. yfir flestar þær auglýsingar sem birtast neytendum á hinum ýmsu miðlum.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða.

Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

Ákvæði 1. mgr. 13. gr. er matskennt og samkvæmt umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til laganna er það háð mati Neytendastofu eða dómstóla hverju sinni að meta hvort viðskiptahættir samræmist góðum viðskiptaháttum á hverjum tíma. Við það mat hefur



stofnunin m.a. litið til sjónarmiða annarra laga sem eiga við um starfsemina, þar sem það á við.

3.

Í máli þessu verður lagt mat á það hvort SH Import ehf., rekstraraðili sérvöruverslana og vefverslunar með nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær, undir heitinu Piknik, hafi brotið gegn auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, ásamt ákvæðum laga nr. 57/2005, með ólögmatum auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettur.

Félagið rekur mismunandi reikninga á samfélagsmiðlum Facebook og Instagram. Á báðum miðlum rekur félagið einn almennan reikning undir heiti verslunarinnar og síðan aðgreinda reikninga fyrir hverja verslun. Á öllum umræddum reikningum eru ýmist um að ræða myndbirtingar, hvort sem það er með almennri myndbirtingu eða í gegnum sk. Stories, sem sýna með beinum hætti nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær, eða þar sem þær eru sýndar óbeint, t.a.m. í bakgrunni auglýsingarinnar. Færslurnar eru birtar í mismunandi tilgangi, ýmist til að auglýsa gjafaleiki, verðlækkanir, opnunartíma eða til að kynna vörur félagsins. Þykir Neytendastofu engum vafa undirorpið að myndbirtingar með þessum hætti séu til þess að auka sölu á tédum vörum, enda vandséð að sérverslun með nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær birti myndir af vöruúrvali sínu í öðrum tilgangi en að kynna vörurnar fyrir neytendum til að auka sölu þeirra. Samkvæmt skilgreiningu 1. tölul. 3. gr. laga nr. 87/2018 er því um auglýsingu að ræða í skilningi laganna. Í svörum sínum vísaði félagið til þess að það hafi aldrei greitt fyrir auglýsingar á samfélagsmiðlum. Upplýsingarnar séu aðeins settar á persónulega samfélagsmiðla félagsins sem einungis fylgjendur þeirra sjá. Félagið telji það sambærilegt því að setja upplýsingar á eigin vefsíðu. Í því samhengi bendir stofnunin á að í skilgreiningu 1. tölul. 3. gr. laga nr. 87/2018 er það ekki gert að skilyrði að greitt hafi verið fyrir auglýsingu svo hún falli undir gildissvið laganna. Allar færslur á samfélagsmiðlum sem uppfylla skilyrði 1. tölul. 3. gr. laganna falla því undir bannákvæði 1. mgr. 11. gr. laganna óháð því hvort greitt hafi verið fyrir þær eða ekki. Þá bendir stofnunin jafnframt á að ekki skiptir máli hvort nikótínvörur, rafrettur eða áfyllingar fyrir þær séu í forgrunni auglýsingar eða sjáist í bakgrunni hennar. Allar auglýsingar á slíkum vörum eru bannaðar á grundvelli 1. mgr. 11. gr. laganna. Eðli máls samkvæmt hafa færslur á samfélagsmiðlum sem fela í sér auglýsingar á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær, enn réttaráhrif séu þær enn í birtingu á viðkomandi miðli. Ákvæðið nær því jafnt til nýrri sem og eldri færslna á samfélagsmiðlum. Með hliðsjón af framangreindu telur stofnunin að umræddar myndbirtingar á samfélagsmiðlum félagsins feli í sér auglýsingar á nikótínvörum sem brýtur gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Þá ber að meta hvort myndmerki félagsins fyrir verslunina Piknik feli í sér auglýsingu á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær, þvert á bann 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018. Í umræddu myndmerki má finna nestiskörfu sem inniheldur tvær rafrettur og dós fyrir nikótínþúða. Utan körfunnar liggur síðan opin dós fyrir nikótínþúða sem sýnir innihald



hennar. Í svörum félagsins kemur fram að vörumerkið sé aðeins nestiskarfa sem sýni engin vörumerki. Þetta gæti í raun og veru verið hvað sem er. Sé litið til vöruúrvals félagsins, sem er að meginstefnu til nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær, er það mat stofnunarinnar að það sé engum vafa undirorpið að um sé að ræða nikótínvörur og rafrettur í og fyrir utan körfuna. Verður því að telja hverja birtingu myndmerkisins í markaðsefni félagsins, hvar sem það birtist, sem auglýsingu á vöruúrvali félagsins til að auka sölu á vörunum. Ekki skiptir máli hvort ákveðinn framleiðandi eða vörumerki sé sjáanlegt í myndmerkinu sjálfu, enda felur umrætt myndmerki í sér ótvíræða og almenna tilvísun til allra þeirra nikótínvara og rafretta sem félagið selur. Með hliðsjón af framangreindur felur birting myndmerkis félagsins á samfélagsmiðlum og utan á verslun sinn í sér brot gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Með hliðsjón af framsetningu framangreindra auglýsinga telur stofnunin jafnframt að félagið sé með birtingu þeirra að viðhafa viðskiptahætti sem eru óhæfilegir gagnvart neytendum, enda um að ræða auglýsingar á vörum sem eru ávanabindandi, hafa áhrif á heilsu notenda og er þar að auki bannað að auglýsa þær lögum samkvæmt. Hefur félagið því með áðurgreindum viðskiptaháttum jafnframt brotið gegn 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005.

Telur Neytendastofa rétt, með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 sbr. 3. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, að banna SH Import ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Félaginu er veittur frestur í fjórar vikur frá dagsetningu ákvörðunarinnar til að fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-VIII. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið og eðli þeirra auglýsinga sem um telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot SH Import ehf. alvarlegt auk þess að stríða gegn góðum viðskiptaháttum sem varða ávanabindandi vörur og kunna að hafa áhrif á heilsu notenda. Við ákvörðun um fjárhæð sektar er litið til framangreinds, umfangs brotsins og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Þá er höfð hliðsjón af viðbrögðum félagsins við meðferð málsins. Að teknu tilliti til alls þessa telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á SH Import ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 200.000,- (tvö hundruð þúsund krónur).



III.

Ákvörðunarorð:

„SH Import ehf., Grænlandsleið 12, 113 Reykjavík, hefur með því að auglýsa nikótínvörur á samfélagsmiðlum sínum brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

SH Import ehf. hefur með því að birta myndmerki með nikótínvörum og rafrettum í og fyrir utan nestiskörfu í markaðsefni félagsins brotið gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa SH Import ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar og skal félagið innan fjögurra vikna fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er SH Import ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 200.000 kr. (tvö hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 19. júní 2024

Pórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir